



Safnanefnd
Hafnargötu 2
730 Fjarðabyggð

Fjarðabyggð, 10.02.2020

Tilkynning um slit á Safnaráði Neskaupstaðar.

Hér með tilkynnist að Safnaráð Neskaupstaðar hefur formlega verið lagt niður. Lyktir málsins voru þær að á 6. fundi Safnanefndar sem haldinn var 17. desember 2018, var ákveðið að fela formanni Safnanefndar, Jóni Birni Hákonarsyni og forstöðumanni Safnastofnunar Pétri Sörenssyni að funda með Safnaráði Neskaupstaðar varðandi málefni Safnaráðsins með það í huga að leggja ráðið niður.

Fundur Safnaráðs Neskaupstaðar sem haldinn var 18. febrúar 2019 og var þar farið var yfir fyrirhuguð áform um að Safnastofnun Fjarðabyggðar undir yfirstjórn safnanefndar tæki yfir starfsemi Safnaráðs Neskaupstaðar, Safnaráð Neskaupstaðar lagt niður og að félaginu yrði slitið í kjölfarið. Tillaga um að leggja niður Safnaráð Neskaupstaðar var borin upp og var hún samþykkt einróma. Var Jóni Birni Hákonarsyni og Pétri Sörenssyni falið að ganga frá málefnum ráðsins og slíta því með lögmatum hætti samkvæmt samþykktum Safnaráðs Neskaupstaðar, undirrituðum 23. júní 2008.

Á 7. fundi safnanefndar fól nefndin bæjarritara og forstöðumanni Safnastofnunar að ganga frá máli Safnaráðs Neskaupstaðar og leggja félagið niður. Í kjölfar slita á félaginu þann 18.02.2019 voru gögn voru send Fyrirtækjaskrá RSK og var Safnaráð Neskaupstaðar formlega afskráð 17. júlí 2019.

Pétur Sörensson
Forstöðumaður Safnastofnunar